

Daníel Örn Guðmundsson

Virðulegi forseti, bæjarstjórn & aðrir ágætir gestir!

Ég heiti Daníel Örn Gunnarsson og er formaður nemendaráðs Myllubakkaskóla.

Ég vil nota þetta tækifæri til að ræða snjalltækjanotkun í

grunnskólum Reykjanesbæjar.

Í dag eru ungmenni verulega háð snjalltækjunum sínum.

Þetta er orðið verulegt vandamál og hefur neikvæð áhrif á

vellíðan, einbeitingu í námi og félagslíf nemenda. Flest ungmenni eru sammála því að þetta sé vandamál eða einskonar tæknifíkn.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að skjátími ungmenna er að meðaltali 8 klst. og 40 mínútur. Ungir heilar geta einungis höndlað 2 klst. af skjátímaálagi á dag. Óeðlilega mikill skjátími ungmenna eykur kvíða, þunglyndi og skerðir andlegan og félagslega þroska.

Í dag finnur eitt af hverjum 15 börnum fyrir alvarlegum kvíða og eitt af hverjum þremur börnum finna fyrir kvíðaeinkennum. Á síðustu 30 árum hafa þessar tölur tvöfaldast!

Hvað er hægt að gera? Erfitt er að stjórna því hvað ungmenni gera í frítímanum sínum. En það er ekki eini tími dagsins sem snjallsími er í mikilli notkun. Snjallsímanotkun er orðið vandamál inni í skólum!



Einbeiting hjá nemendum hefur aldrei verið verri. Titringur og tilkynningar í sínum minnka einbeitingu og getur valdið kvíða þar til litið er á símann.

Ef skólar í Reykjanesbæ yrðu símalausir bendir allt til að einbeiting og félagslíf nemenda myndi bætast verulega.

Ég er þeirra skoðunar að símalaut skólahald hefði átt að innleiða fyrir löngu síðan með hagsmuni ungmenna, námsárangur þeirra og félagslegan þroska að leiðarljósi.

Ég þakka áheyrnina og vona að orð mín hér í dag marki nýja stefnu í þessum málaflokki! Við þurfum nýja nálgun í þessu eins og svo mörgu öðru í dag!!